

Viðbótarþjónusta – Pakka til útlanda

Forgangspjónusta (Exprés)

Í sumum ákvörðunarlöndum er boðið upp á forgangspjónustu (Exprés) sem felst í því að pakkar eru bornir út eða tilkynntir strax við komu sendingar á pósthús í ákvörðunarlandi.



Móttökukvittun

Hægt er að kaupa móttökukvittun með skráðum sendingum, þ.e. skriflega staðfestingu á að viðtakandi hafi móttakið sendinguna. Móttökukvittun er fyllt út af sendanda og fest á sendinguna. Kvittunin, undirrituð af viðtakanda og staðfest af starfsmanni Póstsins, er send til sendanda eftir að pakkinn hefur verið afhentur. Burðargjald móttökukvittunar aftur til sendanda er innifalið í verði.



Ef senda á móttökukvittun með pakka til útlanda þarf að rita stafina A.R., í neðra vinstra horn, utanáskriftarmegin.

Sent á ábyrgð sendanda

Pakkasendingar sem eru viðkvæmar og umbúðir ekki skv. skilmálum eru sendar á ábyrgð sendanda. Þessar sendingar eru því ótryggðar og ekki er mögulegt að tryggja þær með póstrýggingu.

Pósturinn flytur málverk ef þau eru innan stærðarmarka og vel umbúin, en alltaf á ábyrgð sendanda.

Sendandi þarf að láta meta málverk og tryggja það sérstaklega fyrirfram hjá því tryggingafélagi sem viðkomandi óskar eftir. Póstrýggingin nær ekki utan um sendingar sem eru sendar á ábyrgð sendanda.